

Ljóðskáld í London

Skáldsaga

Neistaflug

Tracy Chevalier. 358 bls. Sölvi Björn Sigurðsson þýddi. Jentas 2007.

William Blake (1757-1827), frábært enskt ljóðskáld, listamaður og furðufugl, er aukapersóna í skáldsögunni Neistaflugi eftir Tracy Chevalier, höfund metsölubókarinnar Stúlku með perlueyrnalokk. Sagan gerist í London á átjándu öld og segir frá Kellaway-fjölskyldunni sem flyst til borgarinnar frá Dorsetskíri til að hefja nýtt líf. London á dögum iðnbyltingarinnar er þokuslungin stórborg með hávaðasömum krám, skítugum verksmiðjum, þröngum kolarykugum götum og stækri hlandlykt. Sveitapiltinum Jem Kellaway og Maggý, sem er örsnauð og kjaftfor borgarstelpa, verður vel til vana. Þau njósna um Blake sem hefur mikil áhrif á líf þeirra, fylgjast með fjörlinu í sirkus Astleys, kanna refilstigu borgarinnar í laumi og uppgötva ýmislegt um sig sjálf og heiminn í kring meðan örlög þeirra ráðast.

Persónurnar eru litskrúðugar og margar döldið Dickens-legar, t.d. Bet Butterfield, móðir Maggýar en hún er ærleg þvottakona sem þykir sopinn góður; Rosie, unglingsstúlka í vandi, kasólétt og með lekanda og loks John Astley, tungulipur kvennabósi sem kremur hjörtu aðdáenda sinna. Stéttaandstæður eru skýrar í sögunni, bilið milli ríkra og fátækra er gríðarlegt og lífið er gjörólíkt í sveit og borg. Harðsótt er fyrir þýðanda að gera mállýsku eða „hreimi“ borgarbúa skil á íslensku og viðkvæði eins og „Veitiggi“ á stöku stað eru ekki sannfærandi þegar persónur sögunnar tala annars kjarngott mál. Brot úr ljóðum Blakes, Söngvum sakleysis og lífsreynslu, tengjast sögunni á áhrifaríkan hátt og hefur þýðing þeirra tekist ágætlega (t.d. bls. 90). Titill bókarinnar á ensku, „Burning Bright“, er úr einu ljóða Blakes, „The Tiger“, og bókarkápan er í anda frægra bókaskreytinga hans. Ekki er hægt annað en fyllast áhuga á lífi og skáldskap William Blake við lestur Neistaflugs, persóna hans og verk eru með því safaríkasta í bókinni.

Sagan tengist líka Paradísarmissi Miltons og fjallar m.a. um glatað sakleysi og ást. Í bókarlók er birtur langur listi yfir heimildir og mörgum þakkað liðsinni en Chevalier undirbýr jarðveg sögulegra skáldsagna sinna af stakri elju og nákvæmni. Í rauninni er svo mikið lagt í sviðsetningar og umhverfi sögunnar að stundum trosnar söguþráðurinn og týnist. Bókin er samt skemmtileg aflestrar. Það er örugglega stutt í kvikmynd eða sjónvarpsþætti (BBC) byggða á bókinni og þá verður spennandi að sjá Blake, hinn enska Æra-Tobba.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>